



Reykjavík, 12. febrúar 2024

MSS24020055

Skjól, hjúkrunarheimili

Lagt fyrir fund öldungaráðs 14. febrúar 2024

Umsögn öldungaráðs Reykjavíkurborgar vegna umsókna í Framkvæmdasjóð aldraðra 2024

Umsögn vegna umsókna Skjóls í Framkvæmdasjóð aldraðra:

1. Endurbæta baðherbergi Skjól og gera sturtuhæf. Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 59.312.611,- Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 23.725.044,-
2. Skipta um loftaefni og lýsingu á Skjóli. Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 284.825.299,- Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 113.930.044,-
3. Endurnýja lyftu á Skjóli. Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun og tilboði er kr. 4.154.836,- Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 1.661.934,-
4. Aðgangsstýrikerfi á Skjóli. Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun og tilboði er kr. 7.305.544,- Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 2.922.218,-
5. Endurnýja loftræstisamstöðuna á Skjóli.

Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Framkvæmdasjóður aldraðra starfar á grundvelli laga um málefni aldraðra. Sjóðnum er ætlað að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land og skal fé úr honum varið til byggingar stofnana fyrir aldraða, þjónustumiðstöðva og dagdvala, að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar á slíku húsnæði og til viðhalds húsnæðis dagdvalar-, dvalar- og hjúkrunarheimila, auk annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu. Nánar er kveðið á um hlutverk sjóðsins í reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014.

Verkefnin sem hér um ræðir varðar nauðsynlegar endurbætur og stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu. Öldungaráð Reykjavíkurborgar sér því ekkert því til fyrirstöðu að verkefnin hljóti styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra.



Reykjavík